

Samkomulag

um breytingar og framlengingu á stofnanasamningi
Háskóla Íslands
og
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
frá 11. júlí 2014

Stofnanasamningur Háskóla Íslands (HÍ) og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) framlengist með svofelldum breytingum:

1. Launasetning

Núverandi starfsmenn Háskóla Íslands sem eru félagsmenn í KVH eru allir í stjórnsýslustörfum við skólann og taka laun samkvæmt starfsmatskerfinu Skrefi. Verði breyting á samsetningu hópsins t.d. þannig að nýdoktorar verði hluti hans eða meistara- og doktorsnemar skulu þeir raðaðir til launa með sama hætti og félagsmenn annarra stéttarfélaga í sömu störfum. Sama á við um tímabundin störf á grundvelli styrkja sem ráðið er í án auglýsingar.

2. Samstarf

Aðilar eru sammála um að komi upp ágreiningur eða spurningar um röðun starfs til launa eða um launaþróun félagsmanns, geti KVH óskað eftir og fengið fund um mat á starfi félagsmanns og einstaklingsbundinn framgangi hans í launum. Samningsaðilar fari þá sameiginlega yfir matsforsendur, starfslýsingu, framkvæmd mats, samanburð á mati sambærilegra starfa og annað sem áhrif hefur á launaþróun viðkomandi, eftir því sem þurfa þykir.

3. Tenging stiga og launa

KVH er reiðubúið til þess að skoða með HÍ mögulegar breytingar á tengingu stigamats og launatöflu, ef óskað verður í samvinnu við önnur stéttarfélög sem aðkomu eiga að Skrefi. Skoðað verði hvernig nýta megi launatöflu ríkisstarfsmanna með öðrum hætti en nú er gert. Má þá hafa í huga mat á formlegri menntun og framgangi í launatöflu vegna hennar sérstaklega, auk annarra þátta sem endurskoða má.

4. Ársmat – uppsöfnuð starfsreynsla hjá HÍ

Ársmat tengist árlegu starfsmannasamtali og yfirferð starfslýsingar. Ársmati fylgir árleg uppsöfnun stiga (7 stig á ári fyrir fullt starf) og kaupauki. Starfsmenn sem raðast til launa eftir Skrefi skulu sækja um greiðslur úr ársmati fyrir 10. maí ár hvert fyrir starfstímabil sem spannar 1. júní - 31. maí. Greiðslur eru inntar af hendi 1. september árlega.

5. Launatöflur

Í ljósi þess að launatöflur stéttarfélaga eru ólíkar hefur orðið misgengi í launasetningu þeirra sem taka laun eftir matskerfinu Skrefi frá 1/6 2017. Til að gæta jafnræðis og með vísan til afstöðu KMR er niðurstaða um að nýta launatöflu nr. 695 og fari leiðréttting fram afturvirkт m.v. 1/6 2017. Launatafla 695 verði notuð þegar launatöflur 695 og 673 eru mismunandi.

Reykjavík, 31. maí 2018

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og
hagfræðinga

Háskóla Íslands
Rettvirkт

F.h. Háskóla Íslands,

Gunn. R. Jón —
Gunn. Jón —